



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

PLVA1PS04

Kennari: Sigurður Grímsson	Sk.st.	SG
-----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur geta óstuddir og hjálparlaust meðhöndlað og beitt helstu vélum og verkfærum sem notuð eru við plötusmíði. Mikil áhersla er lögð á öryggismál. Þeir geta smíðað einfalda gripi eftir nákvæmum teikningum, bæði í vélum og með handverkfærum.

Undanfari: Grunnskólapróf.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Helstu verkfærum, tækjum og vélum sem notuð eru við plötuvinnu.

Þeim öryggismálum sem tilheyra.

Mismunandi gerðum þunnplatna eftir yfirborðshúð og áferð.

Tæringarvörnum, húðun og vinnsluaðferðum.

Áhrif beyginga á stærð smíðisgripa úr málmplötum.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að ákvarða efnisstærðir og þykktir með 0,1mm nákvæmni.

Að merkja upp einföld verkefni úr þunnplötum eftir vinnuteikningum.

Að velja handverkfæri til vinnu einfaldra verka.

Valið beygjuklossa og stillt beygjuvélar m.t.t. efnisþykktar.

Sett mismunandi smíðishluta saman með hnoðun, skrúfum og punktsuðu.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Merkja upp og smíða einföld verkefni eftir vinnuteikningum.

Beygja þunnplötur með 1 mm nákvæmni.

Setja saman smíðishluta með punktsuðu, hnoðun og skrúfum.

Klippa með hand- og vélklippum þunnplötur af nákvæmni.

Velja handverkfæri til vinnu einfaldra hluta.

Námsefni:

Málmsmíði. Efni hjá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
		Málmsmíði-Verkfærakassi	Fagbókleg verkefni.

Sérreglur áfangans og námsmat:

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við gerð verkfærakassa og skili fagbóklegum verkefnum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.